

Arctic Sea Farm ehf.
Sindragötu 10
400 Ísafjörður

Selfossi, 9. desember 2025
Tilvísun: 2512568

Opinbert dýravelferðar -og heilbrigðiseftirlit með fiskeldi

Skv. reglugerð. nr. 462/2021 (2016/429/EB), reglugerð nr. 300/2018 og viðauka I í reglugerð nr. 103/2010 (852/2004/EB)

Upplýsingar um fiskeldisstöð:

Heiti: Arctic Sea Farm hf	Kennitala: 700807-0450
Heimilisfang: Aðalstræti 20, 400 Ísafjörður	Leyfisnr: FE-1161
Eldissvæði: Eyrarhlíð 2 og Haukadalsbót, Dýrafjörður	
Stöðvarstjóri: Harrison Applegate	Dags.: 4.12.2025
Tegund fiska: Lax- Salmo salar	
Er stöðin í dreifingarbanni: Já (nýrnaveiki)	Óboðað eftirlit : Nei
Skilyrði uppfyllt til útgáfu heilbr. vottorða: Nei	Tegund eftirlit: Reglubundið eftirlit

Eftirlitsmenn Matvælastofnunar, Berglind Helga Bergsdóttir sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma, Magnús Ingi Jónsson og Nancy Rut Helgadóttir sérfræðingar fóru í eftirlit í eldissvæðin Haukadalsbót og Eyrarhlíð 2 í Dýrafirði þann 4.12.2025. Viðstaddur eftirlit var Harrison Applegate.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

I. SMITVARNIR

- Búningsaðstaða - **án aths**
- Bátar og búnaður – **alvarlegt frávik**
 - Daglegar þrifaskráningar vinnubáta til staðar í gæðakerfi. Skráningar um þrif milli eldissvæða vantar þegar vinnubátur fer frá Eyrarhlíð til Haukadalsbótar og öfugt.
 - Við eftirlit fóru eftirlitsmenn á hraðbát fyrst á Eyrarhlíð 2 og svo á Haukadalsbót. Nýrnaveiki hefur verið staðfest á Eyrarhlíð 2 en ekki Haukadalsbót. Á Eyrarhlíð er stór fiskur (um 4-6kg) en á Haukadalsbót er smærri fiskur sem settur var út á svæðið í haust. **Ef nauðsynlegt er að fara á milli eldisstöðva skal haga umferð báta frá Haukadalsbót til Eyrarhlíðar eins og kostur er vegna sjúkdómastöðu og stærðar fisks.**
 - Við eftirlit var ekki skipt um fatnað/skóbúnað milli eldissvæða og ekki möguleiki á að sótthreinsa skóbúnað. Engin þrif áttu sér stað í hraðbátnum milli svæða. Tryggja þarf öflugar smitvarnir við umferð báta, búnaðs og starfsfólks milli eldissvæða, sérstaklega þegar farið er frá svæði með tilkynningarskildan sjúkdóm yfir á ósýkt svæði, þ.m.t. þrif og sótthreinsun á bátum, búnaði, fatnaði og skóbúnaði.

Í gr. 15, málsg. 18, í reglugerð 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum kemur fram að Matvælastofnun er heimilt að setja nánari reglur um sjúkdómavarnir í einstökum eldisstöðvum þar sem þess er talið þörf.

Ábending: Töluverður samgangur vinnubáta hefur verið milli eldissvæða síðustu vikur vegna aflúsana við Eyrarhlíð 2 og slátrunar. Í einhverjum tilvikum hefur umferð báta verið frá Eyrarhlíð 2 til Haukadalsbótar. Slík samnýting vinnubáta telst mjög óæskileg út frá smitvörnum, þar sem nýrnaveiki hefur verið staðfest á Eyrarhlíð 2 og velferð fisks á Haukadalsbót er þegar ábótavant. **Forðast ætti eftir fremsta megni að samnýta vinnubáta milli þessara eldissvæða. Ef slíkt reynist nauðsynlegt skal tryggja ítrustu smitvarnir.**

Ábending: Matvælastofnun bendir á að út frá fiskivelferð, smitvörnum og baráttu við laxalús er mjög óæskilegt að hafa yngri fisk í straumstefnu frá stærri fisk líkt og er nú í Dýrafirði. Þetta gerir það að verkum að seiðin á Haukadalsbót eru sérstaklega útsett fyrir lúsasmiti vegna reks lúsafirra milli eldissvæða og í aukinni hættu á að smitast af nýrnaveiki. Stofnunin ítrekar enn fremur mikilvægi „all-in, all-out“ aðferðarfræðinnar sem grundvöll smitvarna og baráttu við laxalús sem hefur sótt í sig veðrið í sjókvíaelði á síðustu árum. Þannig er hægt að hvíla fjörð í heild sinni og rjúfa smitleiðir sjúkdóma og lífsferil laxalúsar. Samfelld viðvera eldisfisks í firðinum, með fjarlægð milli nálægustu kvía hvors eldissvæðis einungis um 3,7 km, eykur líkur á áframhaldandi nýrnaveikismiti milli svæða, auknu lúsasmiti og tíðari lúsameðhöndlunum.

➤ **Fóðurgeymsla – frávík**

- Gluggar á fóðurgeymslu eru ótryggir. Við eftirlit hafði tréplata sem loka átti glugga dottið út og á jörðina. Í öðrum glugga er vírnet sem er opið í miðju. Þar með er geymslan ekki trygg gangvart fuglum og bleytu.

Í gr. 15 í reglugerð 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum segir að Fóðurgeymsla skal vera hrein og þurr og tryggt að fóður mengist ekki.

II. **DAGBÓKAFÆRSLUR**

➤ **Skráningar - *án aths***

III. **DÝRAVELFERÐ**

➤ **Umhirða fiska – *alvarlegt frávík***

- Borið hefur á að upptaka dauðfisk og sveimara á síðustu mánuðum hafi ekki átt sér stað daglega eins og reglugerð gerir ráð fyrir. Dæmi eru um að vika hefur liðið á milli upptöku dauðfisks í Haukadalsbót. Veðurfar útskýrir ekki að öllu leiti að upptaka dauðfisks og sveimara hafi ekki verið sinnt.

Í 11.gr reglugerðar nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum segir að sjálf dauð eldisdýr skal fjarlægja daglega úr umhverfi lifandi eldisdýra, þó háð veðurskilyrðum þegar sjókvíaelði á í hlut. Sjúk/særð eldisdýr skal aflífa í samráði við dýralækni.

➤ Varsla efna/lyfja- **án aths**

IV: AUKAAFURÐIR DÝRA - **án aths**

Athugið að þessi skýrsla tekur til þeirra atriða sem tekið var eftir þann dag sem eftirlitið fór fram sem og fyrirbyggjandi gagna úr öðru opinberu eftirliti. Í **samræmi við 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 er þér veittur 14 daga frestur frá dagsetningu þessarar skýrslu til að koma á framfæri andmælum við innihald hennar**. Andmæli berist skriflega sem bréf til Matvælastofnunar Austurvegi 64, 800 Selfossi eða með tölvupósti á mast@mast.is.
Um gjaldtöku fyrir eftirlit og aðra gjaldskylda starfsemi Matvælastofnunar s.s. útgáfu leyfa, vottorða, skráningar o.fl. fer skv. gjaldskrá nr. 392/2022.

Lagagrunnur eftirlits

Lög nr 55/2013 um velferð dýra, og lög 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, Lög nr. 71/2008 um fiskeldi

- Reglugerð nr. 300/2018 um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum
- Reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi
- Reglugerð nr. 527/2017 um velferð dýra í flutningi

Matvælastofnum óskar eftir að tímasett úrbótaáætlun verði send til stofnunarinnar eigi síðar en **9. janúar 2026** á netfangið bergbind.bergisdottir@mast.is.



Berglind Helga Bergsdóttir, sérgreinadýralæknir fisksjúkdóma